

Samþykki til öflunar lögregluskýrslna og annarra gagna frá lögreglu vegna tjóns á munum í eigu fyrirtækis eða opinberrar stofnunar.

Grunnupplýsingar

Nafn fyrirtækis/stofnunar _____ Kennitala _____

Tengiliður fyrirtækis/stofnunar _____ Netfang _____

Heimilisfang _____ Póstnúmer _____ Staður _____

Upplýsingar um tjónsatvik

Dagsetning tjónsatviks _____ Tjónsstaður _____

Skráningarnúmer ökutækis _____ Lögregla frá (staður)/málsnúmer _____

Upplýst samþykki til vinnslu persónuupplýsinga og öflunar gagna

Ég, undirritaður(uð), f.h. ofangreinds fyrirtækis/stofnunar veiti hér með Verði tryggingum hf. óskoraða heimild til þess að afla upplýsinga vegna ofangreinds tjónsatviks þar sem munir í eigu fyrirtækisins/stofnunarinnar urðu fyrir tjóni af völdum skráningarskylds ökutækis ökutækis sem tryggt er með lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá Verði tryggingum hf.

Ég heimila félaginu að afla upplýsinga frá lögreglu þ.m.t. til aðgangs að lögregluskýrslum og öðrum gögnum sem til eru hjá lögreglu s.s. framburðarskýrslur, vettvangsuppdrætti, myndir og niðurstöður blóðsýnarannsóknna, allt eftir því sem nauðsynlegt þykir samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987. Ég veiti auk þess Verði heimild til að miðla nauðsynlegum upplýsingum s.s. lögregluskýrslu og öðrum nauðsynlegum gögnum á grundvelli þessa samþykkis, til annarra tryggingafélaga eftir því sem við á.

Tilgangurinn með öflun þessara upplýsinga er sá að félagið þarf að geta metið ábyrgð sína skv. umferðarlögum nr. 50/1987. Heimildin til upplýsingaröflunar er nauðsynleg vegna framkvæmdar váttryggingarsamnings, auk þess sem hún byggist á lagaheimild til upplýsingaöflunar á grundvelli laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, á grundvelli umferðarlaga nr. 50/1987 og ennfremur með vísan til skaðabótalaga nr. 50/1993.

Mér er kunnugt um að Vörður tryggingar hf. mun nota upplýsingar þessar eingöngu við meðferð viðkomandi tjónamála hjá félaginu og að aðgangur að þessum upplýsingum hjá félaginu er eingöngu í höndum þeirra aðila sem annast afgreiðslu tjóna. Aldrei er kallað eftir ítarlegri upplýsingum en nauðsynlegt er vegna meðferðar málanna. Upplýsingarnar eru ekki geymdar lengur en þörf er á fyrir vinnslu þeirra. Vörður fer með meðhöndlun upplýsinganna í samræmi við gildandi lög um meðferð persónuupplýsinga.

Ég geri mér grein fyrir að fyrirtækinu/stofnuninni er heimilt að afturkalla samþykki sitt til upplýsingaröflunar félagsins á grundvelli laga um persónuvernd.

Staður og dagsetning

Undirskrift